

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Nýlendugata 19C.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 11. janúar 2017, breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 19C við Nýlendugötu. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til norðurs og að setja svalir ofan á útbyggingu á vesturhlið hússins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 2. febrúar 2017.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 16. febrúar 2017